



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rekstrarhalla borgarinnar

Á fundi borgarráðs þann 23. júní 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

„1,9 milljarða halli er á A-hluta umfram áætlun. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir minnisblaði fjármálaskrifstofu um áhrif vaxtahækkunar á skuldastöðu og afborgunarpunga lána hjá borginni. Spurt er hvernig á að mæta þessum halla? Hvar er hægt að spara eða auka hagræðingu í rekstri borgarinnar? Er hægt að fresta einhverjum verkefnum? Einnig er spurt hvort ekki séu áhyggjur af afkomu þeirra efnaminustu þegar 21% hækkun fasteignamats verður tekin nánast beint úr vösum íbúa borgarinnar með því að hækka fasteignaskatta samsvarandi og það er gert ofan í kjarasamninga?“

Svar:

Áhrif vaxtahækkana á skuldastöðu og afborgunarpunga lána

Seðlabanki Íslands hækkaði meginvesti um 4,00% á árinu 2022 til þess að sporna við hækkandi verðbólgu. Vaxtahækkun Seðlabanka Íslands ein og sér hefur ekki áhrif á þau skuldabréf sem gefin voru út fyrir upphaf vaxtahækkunarferlis Seðlabankans þar sem þau eru öll með föstum vöxtum. Hækkandi verðbólga hefur hins vegar töluverð áhrif á skuldastöðu borgarinnar þar sem um 70% af útgefnum skuldabréfum borgarinnar eru verðtryggð.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 var gert ráð fyrir að verðbólga yrði 3,3% jafndreifð yfir árið. Ársverðbólga var hins vegar 9,6% á árinu 2022 sem hefur haft töluverð áhrif á uppreiknað verð skuldabréfanna og upphæð afborgana.

Á árinu 2022 var lántaka að fjárhæð 22.007 m.kr., bæði verðtryggð og óverðtryggð. Þar af var dregið á lánalínu hjá Landsbankanum að fjárhæð 6.000 m.kr. en sá ádráttur er með breytilegum vöxtum.

Greiddar afborganir á fyrstu níu mánuðum ársins ásamt vöxtum og verðbótum námu 4.751 m.kr. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að sambærilegar greiðslur yrðu um 4.588 m.kr. og því hafa greiddar afborganir verið um 163 m.kr. hærri á tímabilinu en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Verðbætur á langtímaskuldir á fyrstu níu mánuðum ársins námu 6.598 m.kr. og voru 4.483 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir og er þá tekið mið af því að verðbólgan mældist 7,8% á tímabilinu í stað 2,5%.



Skuldabréf sem eru gefin út á meðan Seðlabanki Íslands er að hækka vexti eru yfirleitt gefin út á hærri ávöxtunarkröfu en fyrir vaxtahækkun Seðlabankans, skuldabréfaútgáfan undanfarna mánuði hefur því verið á hækkandi ávöxtunarkröfu.

Viðbrögð við hallarekstri

Á fundi borgarráðs þann 1. september 2022, voru lögð fram og kynnt viðbrögð borgarinnar við rekstrarhalla og erfiðu ytra efnahagsumhverfi sökum aukinnar verðbólgu og hækkunar vaxta. Brugðist var við í samræmi við ábyrga fjármálastjórn og dregið úr fjárfestingum og þar með lántökupörf á árinu 2022 um 7 milljarða. Gjaldskrár voru leiðréttar í ljósi aukinnar verðbólgu um 4,5% þannig að þær myndu lækka minna en ella að raungildi. Settur var af stað undirbúningur að samræmdum reglum um ráðningar til að gæta aðhalds á því sviði. Fram hefur komið að rekja megi neikvæða rekstarniðurstöðu að hluta til vanfjármögnunar á málaflokkum þar sem hallar á í fjárhagslegum samskiptum við ríkið. Af því tilefni var samningateymi skipað, en mikil áhersla hefur verið lögð á eftirfylgni í þeim málum.

Fjármálastefna Reykjavíkurborgar 2023-2027 var lögð fram í borgarstjórn þann 1. nóv. sl. og samþykkt í borgarstjórn þann 6. des. sl. Hún tekur mið af þeim erfiðu aðstæðum sem eru ytra efnahagsumhverfi borgarinnar eða sem hér segir:

„Hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélags til lengri tíma en með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir síðustu ára til skemmri tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess. Skýr sýn verði á græna og vaxandi borg fyrir fólk, sjálfbæran rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar.“

Í fjármálastefnunni er að finna skýr markmið og megináherslur í fjármálastjórn Reykjavíkurborgar 2023-2027 og settir fram mælikvarðar til að fylgja eftir að markmið fjármálastefnunnar nái fram að ganga, en þeir eru eftirfarandi fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar:

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023	2024	2025	2026	2027
1	Rekstarniðurstæða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✖ -5.991	🟡 2.166	🟢 6.035	🟢 7.067	🟢 9.631
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✖ 86%	✖ 82%	🟡 81%	🟢 80%	🟢 80%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✖ 2,2%	✖ 5,9%	🟢 7,6%	🟢 7,8%	🟢 8,5%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	✖ 0,4	✖ 0,7	🟢 1,1	🟢 1,1	🟢 1,1
5	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	🟡 83%	🟡 80%	🟢 65%	🟢 64%	🟢 54%
6	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	🟢 85%	🟢 85%	🟢 86%	🟢 84%	🟢 79%

Við undirbúning fjárhagsáætlunar var fagsviðum falið að undirbúa tillögur að hagræðingu sem nemur 1% af launakostnaði, auk þess sem fagsvið nutu ekki verðbóta á annan rekstrarkostnað nema um samningsbundnar skuldbindingar væri að ræða. Að auki var fagsviðum falið að leita tækifæra til verkefnabundinnar hagræðingar sem næmi allt að 2% af rekstri. Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar voru afgreiddar yfir 100 tillögur sem leiða til hagræðingar á árinu 2023 um og yfir einum milljarði króna.

Hækkun á fasteignamat

Þrátt fyrir hækkun á fasteignamat í Reykjavík njóta íbúar Reykjavíkur enn einna lægstu álagningar fasteignagjalda á landsvísu eða tæplega 41 þús. kr. á íbúa að meðaltali á árinu



2022, en örfá sveitarfélög voru með lægra meðaltal. Álagningarhlutfallið er 0,18% og hefur verið óbreytt frá árinu 2018 þegar það var 0,20% en leyfileg hámarksálagning skv. lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga nemur 0,5% af fasteignamati.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint svar er lagt fram við ofangreindri fyrirspurn.

Virðingarfyllst,

Haldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs